

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Sveitarfélaginu Vogum.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Sveitarfélaginu Vogum sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem fráveitulagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins: Fráveitugjald er 0,085% af heildarfasteignamati íbúðarhúsnæðis og 0,16% af öðru húsnæði. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera eftirfarandi:

Tegund húsnæðis	Eining	Gjald kr.
Einbýlis-, par- og raðhús	(á hverja íbúð)	356.967
Fjölbýlishús	(á hverja íbúð)	107.088
Annað húsnæði	(hver tenging)	347.425

Þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar eða tenging er lengri en 10 metrar frá stofnlögn að lóðarmörkum skal lóðarhafi greiða raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við veituna.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli frá gjaldskyldum aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða fráveitunnar, svo sem sértækrar hreinsunar eða breytinga í kerfinu.

Er þá innheimtur raunkostnaður sem hlýst af viðkomandi aðgerð.

3. gr.

Ef gera þarf sérstakar ráðstafanir vegna hæðar eða legu mannvirkis, svo og ef húsbyggjandi velur að óska eftir fleiri tengingum fellur tilfallandi viðbótarkostnaður vegna þessa á viðkomandi fasteign.

4. gr.

Ef viðkomandi lóðarhafi nýtir sér ekki þegar gerðar tengingar er heimilt að krefja hann um gjald fyrir aftengingu ónýttara lagna sem nemur kostnaði við þá framkvæmd.

5. gr.

Gjalddagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjastjórn ákveður fyrir fasteignaskatts og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

6. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari greiðast af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin má taka lögtaki í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Gjöldin njóta lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjöld samkvæmt gjaldskránni bera dráttarvexti frá gjalddaga, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

7. gr.

Önnur gjöld í gjaldskrá þessari en þau sem koma fram í 1. gr. miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2021) í nóvembermánuði 2023 (116,4 stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar til samræmis við breytingar á vísitölunni.

8. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 13. desember 2023 og öðlast þegar gildi. Gjaldskráin er sett með vísan 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu í Sveitarfélaginu Vogum nr. 1691/2022.

Samþykkt á 214. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 13. desember 2023.

Gunnar Axel Axelsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. janúar 2024